

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Askja



Dags eftirlits 22.5.2015

Fulltrúi UST Gottskálk Friðgeirsson

Fyrirtæki Háskóli Íslands

Fulltrúi UST

Heimili Sturlugata 7

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 600169-2039

Flokkur Erfðabreyttar lífverur

Fulltrúi fyrirtækis Ólafur S. Andrésson

ÍSAT nr.

Fulltrúi fyrirtækis Sigríður, Sigrún og Snorri

Staðsetning

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundist í eftirliti en athugasemd var gerð við úrelta tengiliði á tveimur áætlunum rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða fjölbreytilega vinnu á sviði sameindalíffræði, m.a. vinna með plasmíð og klónuð gen í *E. coli*, *S. cerevisiae*, og *Clamydomonas reinhardtii*. Unnið er með lítið magn (stutta DNA búta, <2 kb) oftast til að raðgreina innskots DNA. Slíkt plasmíð DNA er oftast geymt í frysti á rannsóknastofu og *E. coli* ræktrir á ætisskálum í kæli í takmarkaðan tíma. Öllu er svo eytt með sæfingu eftir notkun. Um er að ræða starfsemi með útgefnu leyfi frá 13. nóvember 2013 til 13. nóvember 2023.

Sest var niður og fundað í upphafi eftirlits. Auk mín og Ólafs S. Andréssonar voru Sigríður H. Þorbjarnardóttir, Sigrún Reynisdóttir og Snorri Páll Davíðsson á fundinum. Farið var yfir kröfur í starfsleyfinu og kom fram að nýtt erindi muni berast þar sem viðbót við starfsemina muni tilkynnt. Um er að ræða færslu plasmíða úr *E. coli* í *Nostoc* blágrænbakteríu.

Einnig kom fram að nöfn Sigrúnar og Snorra Páls muni koma í stað Sigríðar H. sem tengiliðar vegna starfseminnar.

Farið var yfir gátlista og kom fram eins og áður hefur verið nefnt að áhugi er á að vinna með blágræna þörunga á rannsóknastofunni og verður tilkynning um það send svo ráðgjafanefndin geti um það fjallað. Öll er starfsemin sambærileg við það sem áður hefur verið um fjallað. Úrgangi sem skal gufusæfa og öðrum úrgangi er fargað í samræmi við leyfisskilyrði. Halldnar eru vinnubækur um aðskilin efni, s.s. nýtingu á aðstöðu, erfðabreyttar lífverur í ræktun, o.fl. sbr. ákvæði 3.2 í starfsleyfi. Einnig um viðhald, eftirlit og bilanir í búnaði, breytirngar á tækjabúnaði. Ákveðið var að útfæra betur skráningar á óhöppum og „næstum því óhöppum“ í vinnubókum og bæta við kafla um þjálfun starfsfólks.

Tvær áætlanir skulu liggja fyrir samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi og voru þær skoðaðar. Uppfæra skal nöfn á tengiliðum í þeim báðum. Umhverfisstofnun mun síðan áframsenda gögn til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sbr. ákvæði í grein 1.5 í starfsleyfi.

Prófanir á búnaði eru framkvæmdar og stillingar á vogum og pípettum.

Fram kom að öryggisnefnd er til staðar og eru Sigríður, Sigrún og Snorri Páll í henni.

Gengið var um aðstöðuna, farið á rannsóknarstofu, kennslustofu og herbergi þar fyrir innan ásamt geymslugum á jarðhæð. Skoðaðir kælar og frystar, skilvindur, rafdráttaraðstaða og ræktunarskápar og gufusævar. Öllu var vel fyrir komið og ekki er gerð athugasemd við neitt af þessu. Úrgangur er flokkaður og merktur að kröfu móttakanda hans.

Farið var yfir afmörkunarráðstafanir og kom fram að vinnuborð eru af tilskilinni gerð, starfsfólk notar tilskilinn hlífðarfatnað og mengaður úrgangur fer í gufusæfi. Í Öskju er mikill umgangur og rætt var um að merkja mætti aðstöðuna: "Óviðkomandi bannaður aðgangur" og/eða koma á aðgangsstýringu.

Að lokum voru myndir teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent.

ATHUGASEMDIR

Uppfærðar áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og áætlun vegna mengunaróhappa (neyðaráætlun) hafa borist Umhverfisstofnun og því engin eftirfylgni út af því.

Reykjavík, 08.06.2015



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.